



ath kl. 22 á Nasa.

Björggi Gísla, Björn Thoroddsen, Larry Coryell og fleiri gítarsníllingar bregða á leik í kvöld. Samnkölluð gítarveisla sem verður ekki endurtekin. Skyldumæting fyrir luftgítarmenn og þá sem kunna gripin.

menning

menning@frettabladid.is

Ruglað saman reitum

Í eftirmiðdag opnar Unnar Örn J. Auðarson sýninguna Coup d'État í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ. Unnar Örn hefur leitað sér efniviðar í Byggðasafni Reykjanesbæjar og vinnur sýninguna í samstarfi við safnið, undir vöku auga safnamanna innan bæjarinnar.

Á sýningunni í Suðsuðvestur má sjá brotabrot úr sögu Reykjanesbæjar sett í nýtt samhengi. Þar verða sýndir hlutir úr byggðasafninu sem eiga sér óræða fortíð og er þeim stillt saman við hluti úr einkasafni Unnars Arnar. Þannig verður til sýning sem kallast á við sögur úr fortíðinni en um leið myndast lítil rífa eða staður til að sjá inn í hugsanlega framtíð.

Sýningin mun standa til 7. október. Suðsuðvestur er til húsa í Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Þar er opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.00-17.30 og eftir samkomulagi. - pbb



MYNDLIST Ein þeirra sögulegu mynda sem Unnar Örn notar í sýningu sína í Suðsuðvestur.

MYND/LÖSMYNDASAFN BYGGÐASAFNS REYKJANESBÆJAR

> Vel sagt

„Þeir eru komnir á flug í spjall um þennan helvítis Tom Waits þegar ég sný til baka. Djöfulsins rauðvinsgutlandi rámi ræfill sem enginn hefur gaman af nema trefilvaför tussulegir háskólanemar í hettuúlpum. Tom Waits og Charles Bukowski, sami þakinn, eitthvað mömmulið notar verk þessara alkóhólísta til að ná sambandi við eitthvað sem það heldur að sé meira „ekta“ en líti öruggi sósíalheimurinn sem það hefur velkst í frá blautu barnsbeini.“

Dr. Gunni bloggvar úr óbirtri skáldsögu sinni.



Finnur Arnar vann

„Vits er þörf þeim er víða ratar“, listaverk Finns Arnar Arnarssonar myndlistarmanns, var valið til þess að prýða Háskólatorg Háskóla Íslands. Verkið er til minningar um gjöf Vestur-Íslendinganna er stofnuðu Háskólasjóð Eimskipafélags Íslands. Verkið verður staðsett í keilu sem stendur upp úr þaki Háskólatorgsins. Björgólfur Guðmundson, stjórnarformaður Háskólasjóðs, greindi frá valinu. Bygging Háskólatorgs er að hluta fjármögnuð með framlagi Háskóla-

sjóðs sem stofnaður var með gjöf Vestur-Íslendinga og er verkið til minningar um þá gjöf.

Tillögu sína segir Finnur vísa til þeirra sem um aldamótin 1900 fóru vestur um haf, til Háskólans og menntunar.

Finnur Arnar Arnarsson er fæddur 1965. Hann nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hann á að baki margar einkasýningar og sam-sýningar heima og heiman. Hann starfar við kennslu í Listaháskóla Íslands og margt fleira. -pbb

Lif og fjör í Listasafni

Mikið gengur á hjá Listasafni Reykjavíkur þessa dagana. Hafþór Yngvason og hans lið stendur í ströngu; ekki færri en fjórar sýningar eru á lokastigi, þrjár bækur þeim tengdar að koma út, og sú fyrsta opnar í kvöld. Fyrir eru tvær sýningar sem heimta verðskuldaða athygli. Listasafn Reykjavíkur er enda kraftmesta sýningastofnun myndlistar í landinu.

Hafþór var gripinn á blaðamannafundi í gær þar sem gengið var frá samningi við Glitni, aðalstyrktaraðila yfirlitssýningar um feril Gjörningaklúbbsins sem opnar í kvöld í Hafnarhúsi. Hafþór hefur lagt áherslu á þá stefnu í sýningastjórn í hinum mörgu sölum Listasafnsins að auka hlut yngri myndlistarmanna og gera sýningar að lifandi starfsvettvangi þeirra sem eru í hvað mestu starfi í margvíslegum birtingarmyndum þessi dægrin.

Þá er í vændum sýning á verkarið eftir Birgi Snæbjörn Birgisson og Jóhannes Atli Hinriksson er með innsetningu í D-salnum í Hafnarhúsinu sem hefur verið lagður undir yngstu kynslóðina. Þar verður Karlotta Blöndal með aðsetur í nóvember á sama tíma og Margrét Blöndal sýnir í aðalsölum hússins. Þá er ógetið sýningar á lágmyndum Helga Gíslasonar sem opnar líka 8. september á Kjarvalsstöðum

Breytt stefna

Hafþór segir um stefnuna: „Þetta er svo huglægt, það á ekki að vera áþreifanlegt. Það er ekki ungvíðið hér og hefðbundin list á Kjarvalsstöðum. Erlendis eru söfn sem sýna listamenn sem eru að berjast við takmörkin, vilja brjótast út úr viðjunum, vera með tilraunastarfsemi. Fólk sem fer þangað hefur áhuga á þeirri stemningu: hvað er að gerast? Síðan, vill kannski sama fólk bara sjá vandaða sýningu í öðrum söfnum vegna þess að það vill sökkva sér niður í listina á öðrum forsendum. Þetta gengur út á að skapa tilfinningu frekar en að eitt sé hér og annað þar.“

Sýningarstarf

Um aðra helgi opna tvær aðrar sýningar í söllum safnsins: yfirlitssýning á verkum Eggerts Péturssonar, hins dáða málarar, er á Kjar-



MYNDLIST Verk Eggerts Péturssonar í afgreiðslusal Landsbankans í Austurstræti voru tekin niður í vikunni um leið og Hafþór Yngvason, lengst til vinstri, og Halldór Kristjánsson bankastjóri, lengst til hægri, gerðu samning um styrk Landsbankans við yfirlitssýningu Eggerts Péturssonar, sem stendur á milli þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

valsstöðum 8. september og er styrkt af Landsbankanum, og í Norðursal verður á sama tíma opnuð sýningin Byggingarlist í augnhæð. Báðum sýningunum fylgja vandaðar bækur.

„Við erum búnir að gefa út bækur sem tengjast sýningunum hér: Þegar ég kom hingað sá ég að það vantaði bækur hérna. Hingað komu erlendir sýningarstjórnarar sem vildu fá hugmynd um hvað væri að gerast hérna og þær vantaði. Svo ekki sé talað um íslenskan almenn-ing. Það er feikileg vinna sem liggur að baki sýningum. Ólöf K. Sigurðardóttir er sýningarstjóri á sýningu Eggerts og er búin að vinna við hana í meira en ár. Eitt af því sem safn þarf að gera er að sinna rannsóknunum og við gerum það í beinum tengslum við sýningararnar, en það má ekki láta þá vinnu tapast. Þess vegna verður að gefa út rit um sýningarhaldið.“

Við ætlum að safna saman göngunum um sýningararnar í D-salnum og gefa út, vonandi fyrir Listahátíð í vor, fyrstu bókina í þeirri röð.“

Starf sýningarstjórans

Sýning Eggerts er viðamikil. Verkin spanna allan feril Eggerts, frá því hann tók þátt í starfi Suðurgötu 7 og til þessa dags. Málverk hans af smágerðu landi undir fótum okkar hafa lengi verið feikilega eftirsótt enda fágætar smíðar á striga.

„Það eru svo mörg handtökin við að undirbúa sýningu, ekki bara að færa verkin inn í safnið, tryggja þau og það allt, heldur þarf líka að búa til sýninguna. Það eru ekki

listamenn sem sýna í safninu heldur sýnir safnið verk þeirra. Það eru ekki listamenn sem velja sín verk, taka það sem til er á vinnustofnunni, heldur gengur sýningin út á að finna einhverja hlið á málunum. Sýna verkin í ákveðnu ljósi. Það er hlutverk sýningarstjóranna,“ segir Hafþór.

Að læra að lesa myndir

Aðrir sýningarstjórnarar sem eru í önnur þessi dægrin eru þau Mika Hannula, Yean Fee Quay og Æsa Sigurjónsdóttir, en það er Guja Dögg Hauksdóttir deildarstjóri byggingardeildar sem vinnur Byggingarlist í augnhæð í Norðursalnum.

Hún er eins og fyrri sýningar í þeim sal einkum hugsuð fyrir börn og er unnin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og Námsgagnastofnun. Gestum er boðið að upplifa sýninguna á margvíslegan hátt og geta sjálfir spreytt sig á að skapa og hanna. Í tengslum við sýninguna kemur út bók eftir Guju sem er ætluð til fræðslu í byggingarlist.

„Hingað koma þúsundir skólarnar á hverju ári,“ segir Hafþór. „Þau byrja á að skoða verk Kjarvals, næsta ár sýnum við þeim verk Ásmundar og leiðum þau svo lengra. Það verður að leiða fólk inn í myndlistina. Skynjun á myndlist er ekki sprottin af sjálfu sér, hún er lærd. Ég vissi ekkert um byggingarlist fyrr en ég fór að læra um hana og eftir það sá ég borgina sem ég bjó í þá í nýju ljósi. Við þurfum því að kenna fólk að njóta þeirrar listar sem við bjóðum upp á.“

pbb@frettabladid.is

Kringlu
Karma
í kvöld
Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfúskvöldum

Miðasala hefst
3. september
Miðasala og sala áskriftarkorta
á www.leikhusid.is eða í síma 551 1200

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

OPÍÐ HÚS SUN. 2. SEPT. KL. 15-17. FRÁBÆR TILBOD, VEITINGAR OG UPPÁKOMUR.

BORGARLEIKHÚSIÐ

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

30. ÁGÚST - 02. SEPT. 2007
WWW.DANCEFESTIVAL.IS

MIÐASALA Á midi.is

Iceland Express

MEINSTAMARÁÐUNEYTIÐ

Steyki af Reykjavíkurborg